

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 27.10. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Harðardóttir, Sara Pálmadóttir, Bryndís Jónsdóttir (fjarverandi), Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted.

Dagskrá:

## 1. Tómskundamiðstöð Hraunvallaskóla og félagsstarfið

Sara Pálmadóttir deildarstjóri Tómskundamiðstöðvar Hraunvallaskóla fór yfir frístundadagatalið og helstu viðburði í Mosanum og Hraunseli. Fulltrúar nemenda sögðu frá ferð sinn til Akureyrar á Landsmót Samfés fyrr í mánuðinum. Einnig sögðu þeir frá nemendaráðsfræðslu á vegum Hafnarfjarðar sem fór fram á dögumum. Fundur Skólaráðs og nemendaráðs var ákveðinn og verður 28. nóvember kl. 14:30.

## 2. Staðfesting á umfjöllun skólaráðs á Skólanámskrá og starfsáætlun 2023-2024

Skólastjóri kynnti starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2023-2024 og skólaráð staðfesti umfjöllun sína áður en starfsáætlunin verður send til staðfestingar í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

## 3. Símalaus skóli

Staðan var tekin á símalausum skóla en Hraunvallaskóli hefur verið símalaus skóli í einn mánuð. Almennt gengur vel að fylgja eftir nýjum reglum, kennarar upplifa meiri ró í tímum og nemendur eru að fara eftir reglumum þó mest sé að reyna á unglunga hvað þær varðar.

## 4. Foreldrasamstarf

Linda Helgadóttir deildarstjóri sagði frá bekkjartenglafundi sem haldinn verður 2. nóvember næstkomandi. Einnig var rætt um fræðslufund sem foreldrafélag Hraunvallaskóla stendur fyrir 1. nóvember og ber yfirskriftina Hinsegin 101. Fulltrúar foreldra hrósuðu skólanum fyrir gott samstarf og lýstu yfir ánægju með samstarf heimilis og skóla sem væri til fyrirmyndar.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*